



UMHVERFISSTOFNUN

# **Könnun á merkingum efnavara í matvöruverslunum og stórmörkuðum**

Júní 2013

# Inngangur

Efnavörðingur Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga stóð á síðasta ári að könnun á merkingum hættuflokkaðra efnavara í matvöruverslunum og stórmörkuðum. Um er að ræða afar fjölbreytt úrval af vörum sem innihalda efni sem geta valdið skaða ef þær eru ekki notaðar eins og til er ætlast. Kannanir á merkingum efnavara í verslunum á landsvísu hafa verið með óreglulegu millibili undanfarin ár en sú síðasta var í byggingavöruverslunum<sup>1</sup> fyrir nokkrum árum. Verkefni sem þessi eru mikilvæg til að efla eftirlit með efnavörum auk þess að stuðla að samræmingu eftirlits á landinu öllu. Með samstilltu átaki er líklegra að aðgerðir gegn brotlegum fyrirtækjum skili árangri. Útkoman í könnuninni var sú að ástand varnaðarmerkinga á efnavörum í matvöruverslunum og stórmörkuðum er viðunandi þegar á heildina er litið.

---

<sup>1</sup> Könnun á merkingaskyldum efnavörum í byggingavöruverslunum, UST-2008:05



# Samantekt

1. Könnunin náði til 9 af 10 heilbrigðiseftirlitssvæðum landsins á tímabilinu nóvember 2011 – júní 2012.
2. Kannaðir voru eftirfarandi þættir: Varnaðarmerkingar efnavara, öryggislok og áþreifanleg viðvörðun.
3. 355 af 3915 þeirra efnavara sem skoðaðar voru reyndust vanmerktar. Alls voru því 91% þeirra efnavara rétt merktar á íslensku. Í 6% tilvika vantaði íslenskar varnaðarmerkingar alfarið, í 1 % tilvika vantaði merkingar á hluta birgða og í 2 % tilvika þurftu merkingarnar lagfæringar við.
4. 5 verslanir af 56 höfðu allar vörur rétt merktar. Mesti fjöldi vanmerktra vara var 40 og hæsta hlutfall vanmerktra vara var 59% en í meirihluta tilvika undir 10%. Nokkur munur gat verið á hæsta og lægsta hlutfalli vanmerktra vara í keðjuverslunum. Verslanir með eigin innflutning<sup>2</sup> og þar sem vörurnar eru merktar af starfsmönnum í viðkomandi verslun komu lakast út.
5. Öryggislok vantaði í 7 tilvikum og áþreifanlega viðvörðun í 11 tilvikum.

---

<sup>2</sup> Með innflutningi er í þessari skýrslu átt við um allan innflutning til landsins en ekki aðeins frá ríkjum utan EES eins og skilgreint er í lögum nr. 61/2013.



# Um efnavöruhóp

Efnavöruhópur Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga hefur verið starfræktur síðan 1996 og hefur verið formlega skipaður með erindisbréfi síðan 2008. Hópurinn hefur staðið að eftirlitsverkefnum sem miða að því að kanna útbreiðslu ýmissa efna og efnavara, hvort farið sé að reglum um þau og til að samræma aðgerðir á landsvísu. Hópurinn myndar samráðsvettvang um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits, tekur þátt í erlendu samstarfi og ræðir þau mál sem hæst ber hverju sinni. Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði skipar einn fulltrúa í hópinn. Formaður hópsins kemur frá Umhverfisstofnun og er skipaður til tveggja ára. Gefinn er kostur á þátttöku í fundum í gegnum síma sem gerir það að verkum að heilbrigðisfulltrúar úti á landi geta tekið fullan þátt í starfi hópsins.



# Framkvæmd

Könnunin fór fram á alls níu heilbrigðiseftirlitssvæðum. Þau eru Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Könnunin fór fram á tímabilinu frá nóvember 2011 til júní 2012 þar sem skoðaðar voru merkingar efnavara í alls 56 matvöruverslunum og stórmörkuðum víðsvegar af landinu. Sjónum var sérstaklega beint að keðjuverslunum með það í huga að fá samanburð þeirra á milli og á einstökum verslunum innan þeirra. Kannað var hvort varnaðarmerkingar hættulegra efnavara væru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990<sup>3</sup>, hver fjöldi vanmerktra vara væri og hlutfall þeirra. Síðan var kannað, þegar við átti, hvort áþreifanleg viðvörðun og öryggislok<sup>4</sup> væru til staðar. Skyldubundnar merkingar eins og sérmerkingar á snyrtivörum og þvotta- og hreinsiefnum voru ekki skoðaðar í þessari könnun. Umfjöllun um ákvæði reglugerða um merkingar má finna í viðauka 2.

Í könnuninni var tekið mið af verslunum sem bjóða upp á fjölbreytt úrval af efnavörum. Efnavörur sem algengt er að fáist í matvöruverslunum og stórmörkuðum eru: Hreinsiefni fyrir heimili (svo sem gólf, ofn, salerni), þvottaefni (upppvottalögur, upppvottavélaefni, taupvottaefni), efni á úðabrusum (svo sem snyrtivörur, gervirjómi, ilmefni). Aðrar vörur í slíkum verslunum sem líklegar eru til að innihalda hættuleg efni: Grillkveikilögur, skordýraeitur, lampalía, edik, stíflueyðir og klór. Enn fleiri vörutegundir voru kannaðar í einstaka verslunum.

---

<sup>3</sup> Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturfna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni

<sup>4</sup> Samanber reglugerð nr. 155/2000 um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun


# Niðurstöður

Alls voru skoðaðar merkingar á 3915 efnavörum og af þeim reyndust 355 vera vanmerktar að einhverju eða öllu leyti eða 9%. Niðurstöðurnar eru birtar í eftirfarandi töflum og grafi.

**Tafla 1. Varnaðarmerkingar efnavara**

<b>Verslanir</b>	<b>56</b>	
<b>Fjöldi merkingaskyldra vara</b>	3915	
<b>Fjöldi vanmerktra vara</b>	355	9%
Merkingar vantar á íslensku	253	6%
Merkingar vantar á hluta birgða	26	1%
Merkingar sem þarfnast lagfæringar	76	2%

**Mynd. Varnaðarmerkingar efnavara**



Algengasta ástæðan fyrir vanmerkingu var að merkingu á íslensku vantaði. Sem dæmi um annað sem reyndist ekki vera í lagi má nefna að hluti merkingar var rangur eða vantaði eins og t.d. varnaðarmerki eða hættusetningar, að heiti innflytjanda/umboðsaðila kom ekki fram, að um gamlar merkingar var að ræða sem hefði átt að vera búið að uppfæra eða að varað var við hættu sem ekki er til staðar. Tekið var sérstaklega fram þegar vara var ýmist með réttum merkingum eða að hana vantaði á hluta birgða af viðkomandi vöru.

Tafla 2. Niðurstöður eftir verslanakeðjum

Heiti	fjöldi verslana	meðalfjöldi merkinga-skyldra vara	mesti fjöldi vanmerktra vara	hæsta hlutfall vanmerktra vara	lægsta hlutfall vanmerktra vara
Bónus	8	54	5	8%	0%
Samkaup strax	6	31	5	29%	2%
Hagkaup	4	94	16	16%	2%
Krónan	4	54	4	4%	4%
Nettó	4	74	19	18%	9%
Samkaup úrval	3	80	22	27%	17%
10-11	2	33	4	13%	3%
11-11	2	33	4	29%	8%
Europris	2	110	40	59%	11%
Nóatún	2	65	6	13%	7%
Víðir	2	54	3	6%	2%

Tafla 3. Niðurstöður eftir stökum verslunum

Heiti	fjöldi merkingaskyldra vara	fjöldi vanmerktra vara	hlutfall vanmerktra vara
Bjarnabúð, Bolungarvík	33	1	3%
Fjarðarkaup, Hafnarfirði	103	1	1%
Hamona/N1, Þingeyri	30	1	3%
Iceland, Kópavogi	35	9	26%
Kaupfélag Steingrímsfj.	129	10	8%
Kaupfélag Skagfirðinga	120	11	9%
Kauptún, Vopnafirði	180	7	4%
Kjöthöllin, Háaleitisbr. Rvík.	64	3	5%
Kostur, Kópavogi	92	15	16%
Megastore, Kópavogi	76	22	29%
Melabúðin, Reykjavík	85	5	6%
Nesbakki, Neskaupstað	540	4	1%
SAM, Ísafirði	12	4	33%
Stórkaup, Reykjavík	54	3	6%
Verslunin Einar Ólafsson, Akranesi	15	3	20%
Verslunin Virkið, Rifi	10	0	0%
Þín verslun Kassinn, Ólafsvík	10	0	0%



Fjöldi vanmerktra vörutegunda var allt frá því vera enginn upp í 40 vörutegundir með rangar eða engar varnaðarmerkingar. Í fimm verslunum voru engar vanmerktar efnavörur og í 31 verslun af 56 var hlutfallið undir 10%.

Nokkrar þeirra verslana sem verst komu út eiga það sameiginlegt að leggja megináherslu á innfluttar vörur. Flestar vanmerktar vörur og jafnframt hæsta hlutfall vanmerktra vara var að finna hjá Europris í Kópavogi. Munurinn milli verslana í sömu keðju á mismunandi stöðum á landinu reyndist vera mismikill og minnstur hjá þeim keðjum sem sýna bestu útkomuna.

Verslanir Bónuss komu almennt best út úr könnuninni en af þeim átta verslunum keðjunnar sem kannaðar voru var enga vanmerкта vöru að finna í þremur og hæsta hlutfall vanmerktra vara var 8%. Krónan og Víðir komu einnig vel út úr könnuninni.

Könnunin tók einnig til áþreifanlegra viðvarana og öryggisloka en hlutfall þeirra sem uppfylltu ekki ákvæði reglugerðar liggur ekki fyrir. Fram kom að öryggislok vantaði í 7 tilvikum og áþreifanlega viðvörun í 11.

Könnunin beindist að einstökum verslunum en ekki innflytjendunum sem bera ábyrgð á vörur fari með réttum merkingum í verslanirnar. Af niðurstöðunum mátti þó greina að umsvifamestu innflytjendurnir, sem dreifa vörum í margar verslanir, komu yfirleitt vel út. Innlendar vörur komu líka vel út þó að stundum sé einhverju ábótavant eins og áþreifanleg viðvörun og öryggislok.





## Umræða

Ástandið á merkingum efnavara í stórmörkuðum og matvöruverslunum er gott hjá meirihluta þeirra verslana sem í hlut áttu. Útkoman er öllu betri en í sambærilegri könnun á varnaðarmerkingum í byggingarvöruverslunum fyrir nokkrum árum þar sem hlutfall vanmerktra vara var 45% á móti 9% nú.

Ekki var hægt að sjá að einstakir vörflokkar kæmu verr út en aðrir. Einstaka vörur voru vanmerktar víða og hafa þannig meiri áhrif á niðurstöðurnar en vanmerktar vörur sem eru bara í einni verslun. Efnavörumarkaðurinn einkennist af háu hlutfalli innfluttra vara frá Evrópusambandsríkjum þar sem sömu reglur gilda og hér. Þegar svo er þá þurfa innflytjendur fyrst og fremst að sjá til þess að merkja vörur með sambærilegri merkingu á íslensku. Færst hefur í vöxt að vörur komi merktar á íslensku frá erlendum birgjum sem á þátt í því að færa þessi mál til betra horfs. Það á þó ekki alltaf við og álímdar merkingar af mismiklum gæðum eru áberandi á efnavörum og verða væntanlega um sinn.

### *Það sem betur má fara*

Þrátt fyrir að könnunin hafi almennt komið vel út eru nokkur atriði sem betur mega fara. Merkingum úðabrúsa er oftast ábótavant en annarra efnavara. Algengt er að á þá vanti viðvörun sem koma skal fram á þrýstihyllkjum sem innihalda lofttegundir undir þrýstingi.

Margir erlendir þvottaefnaframleiðendur merkja ekki þvottaefni sem ertandi þó að reglurnar kveði á um það í EES-ríkjum. Innflytjendur efnavara verða að hafa í huga að ekki er alltaf hægt að treysta að vörur séu rétt merktar í framleiðslulandi og því þarf að ganga úr skugga um að það út frá öryggisblöðum eða efnasamsetningu.

Nokkur dæmi eru þess að merkimiði sé límdur á vörur eftir að þær eru komnar í verslun þó að æskilegra þygi að það sé gert af birgjum áður en vörur eru fluttar í verslanir. Ef viðkomandi verslanir hafa ekki skýrar verklagsreglur um það hvernig standa eigi að merkingum þá er hætt við að það gleymist að merkja vörur, að merkingin sé límd á með röngum hætti eða á rangar vörur. Dæmi eru um viðvaningsleg vinnubrögð eins og þegar merkingin er ekki í samræmi við hættueiginleika vörunnar. Til marks um það er þegar sami merkimiðinn er límdur á svipaðar en þó mismunandi vörur.

Nokkrar verslanir eru reknar af fólki af erlendum uppruna og er sérstaklega ætlað að þjóna fólki af sama þjóðerni. Vörur sem boðið er upp á þar geta verið af allt öðrum toga en þekkt í öðrum verslunum og merkingarnar óskiljanlegar öðrum en þeim sem eru af viðkomandi þjóðerni. Þrátt fyrir að í einhverjum tilvikum geti yfirgnæfandi fjöldi viðskiptavinnanna lesið merkingarnar þá verður ekki undan því vikist að hafa merkingarnar sömuleiðis á íslensku. Farið var í eina slíka verslun í könnuninni þar sem 33% varanna voru vanmerktar. Samanburður við aðrar verslanir er erfiður vegna þess hve lítið úrval var af efnavörum í viðkomandi verslun.



### *Öryggislok og áþreifanleg viðvörðun*

Um langt skeið hefur það verið vandamál hve oft þessi öryggisatriði vanti á umbúðir efnavara, sérstaklega innlendar framleiðsluvörur og vörur frá Bandaríkjunum. Það má kannski ekki draga of miklar ályktanir út frá niðurstöðunum þegar upplýsingar um hlutfall af heildinni vantar. Þá á krafan um öryggislok sjaldan við því tiltölulega fáar slíkar vörur er að finna í þeim verslunum sem könnunin náði til. Nokkru oftár er gerð krafa um áþreifanlega viðvörðun þó án þess að vörur með slíkum merkingum séu algengar í matvöruverslunum.

### *Bann- og leyfissskyldarvörur*

Athugað var sérstaklega hvort eiturefni væru til staðar eða aðrar vörur sem bannað er að hafa á almennum markaði eða sem leyfi þarf fyrir. Nánast ekkert var um slíkt sem þarf ekki að koma á óvart enda að mestu óþekkt í neytendavöruverslunum. Slíkar vörur finnast einstaka sinnum í sérverslunum og sjá þá fulltrúar heilbrigðiseftirlitsins til þess að þær séu fjarlægðar jafnóðum úr hillunum. Þó fannst ein vara sem vafi leikur á um að sé lögleg en það var eldfimt efni á úðabrúsa til skemmtunar og/eða skreytingar. Þá fannst óskráð flugnaeitur á tveimur stöðum.

### *Nokkur atriði varðandi merkingar*

Það er á ábyrgð framleiðenda og innflytjenda að sjá til þess að vörur séu rétt merktar áður en þeim er dreift til sölu eða notkunar. Ef upplýsingar um hættueiginleika vöru liggja ekki fyrir skulu þeir afla sér upplýsinga um vöruna og innihaldsefni hennar og merkja vöruna út frá þeim. Seljendur bera ábyrgð á vörum í eigin verslun og skulu sjá til þess að aðeins rétt merktar vörur standi viðskiptavinum til boða.

Umbúðir efnavara geta verið uppfullar af upplýsingum um vöruna sem eiga yfirleitt erindi við neytandann þó að þær séu ekki endilega skyldubundnar. Margir innflytjendur hafa gert ráðstafanir til að vörunar komi með réttum merkingum á íslensku frá erlendum birgja. Að öðrum kosti skulu þeir leggja sig fram um að líma merkinguna á með þeim hætti að hún skyggi ekki á aðrar skyldubundnar merkingar eða aðrar upplýsingar sem eiga erindi við neytandann.

Mörg þeirra brota sem koma í ljós við eftirlit með merkingum efnavara eru ítrekuð. Á sumum stöðum virðist vanta að komið sé á skýru verklagi um að tryggja að merkingar verði réttar þar sem sömu atriðin eru jafnan í ólagi. Oft eru það sömu vörunar sem eru alltaf vanmerktar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Þá getur sama varan ýmist verið rétt merkt eða ekki. Það á einna helst við í þeim tilfellum þar sem starfsmenn í viðkomandi verslun sjá um að líma merkimiða á vöru. Þá eru dæmi um að sama varan komi frá sitthvorum birgjanum og er aðeins með réttri merkingu frá öðrum þeirra. Munurinn á niðurstöðum milli mismunandi verslana innan sömu keðju gefur til kynna að samræma þurfi verklag innan þeirra til að tryggja að merkingar efnavara verði í lagi.

## Viðauki 1. Skyldur framleiðenda og innflytjenda hættulegra efnavara

Reglugerð nr. 236/1990 kveður á um að framleiðendur og innflytjendur beri ábyrgð á að efnavörur hafi verið flokkaðar og merktar til samræmis:

*Innlendur framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili er ábyrgur fyrir því að umbúðir fyrir eitrefni, hættuleg efni eða vörur sem innihalda slík efni séu merktar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, áður en vörunni er dreift til sölu eða notkunar. Þá er söluaðila óheimilt að selja ofangreindar vörutegundir, ef umbúðir eru vanmerktar.*

Efnavörur skal flokka og merkja með tilliti til hættulegra eiginleika áður en þær fara á markað. Liggi flokkun efnavöru ekki fyrir skal framleiðandi eða innflytjandi sjá til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga til að ákvarða flokkunina eða ganga úr skugga um að efnavöru þurfi ekki að flokka, hafi hún enga hættulega eiginleika.

Þegar um er að ræða innfluttar vörur frá EES ríkjum liggur oftast nær fyrir hvernig merkingin á umbúðunum á að vera. Það eina sem innflytjendurnir þurfa þá að gera er að gæta þess að merkingin fylgi íslenskum reglum. Fyrir innflytjendur er oft einfaldast að taka mið af öryggisblöðum (safety data sheets) sem eiga að uppfylla reglugerð nr. 750/2008 (REACH).

Þegar um er að ræða innfluttar vörur frá ríkjum utan EES getur þurft að finna út hættuflokkun út frá innihaldsefnunum ef flokkun samkvæmt reglum EES liggur ekki fyrir.

## Viðauki 2. Lög og reglugerðir.

Við gerð skýrslunnar var tekið mið af eftirfarandi lögum og reglugerðum sem varða vörur sem heimilt er að selja á almennum markaði. Fleiri lög og reglugerðir geta varðað efnavörur í matvöruverslunum og stórmörkuðum en eru ekki til umfjöllunar hér.

*\* Lög nr. 52/1988 um eitrefni og hættuleg efni,*

Lög þessi féllu úr gildi með tilkomu eitrefnalaga nr. 61/2013 í apríl 2013. Flestar eldri reglugerðir varðandi efni og efnavörur eiga stoð í þessum lögum. Lögin kváðu m.a. á um leyfisskyldu varðandi sölu og viðtöku eitrefna og varnarefna og að aðeins mætti markaðssetja varnarefni sem búið væri að skrá hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

*\* Lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.*

Lög þessi féllu úr gildi með tilkomu eitrefnalaga nr. 61/2013 í apríl 2013. Reglugerðir varðandi efni og efnavörur sem komið hafa út á undanförunum árum eiga stoð í þessum lögum. Þau kváðu m.a. á um að eitrefni og hættuleg efni skuli flokka og merkja með tilliti til hættulegra eiginleika þeirra, auk ákvæða um skráningarskyldu, leyfisveitingar og bönn við tilteknum efnum og efnablöndum á markaði.

*\* Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og merkingu eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.*

Reglugerðin kveður á um að efni og efnablöndur séu flokkaðar með tilliti til hættueiginleika þeirra og setur skilyrði um merkingar og umbúðir. Merking ákvarðast af hættuflokkuninni og skal hún vera á íslensku. Merking skal vera í samræmi við fyrirmæli reglugerðarinnar eins og varðandi lögum, stærð, læsileika og skal vera óafmáanleg. Henni er ætlað að miðla upplýsingum til almennra notenda um mögulega hættu sem stafar af efnunum og vera leiðbeinandi um notkun, geymslu og förgun auk þess að gefa upplýsingar um hvað gera skuli ef slys ber að höndum.

Reglugerðin gildir til 1. júní 2015 og þangað til skal merkja efnablöndur samkvæmt reglugerðinni. Þangað til skal einnig flokka hrein efni svo að halda megj áfram að flokka efnablöndur. Efnablöndur sem komnar eru á markað geta verið með merkingum sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 236/1990 til 1. júní 2017.

*\* Reglugerð nr. 155/2000 um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun.*

Öryggislok eru ætluð á vörur sem eru seldar almenningi og eiga að gera börnum erfiðara um vik að komast í hættuleg efni. Áþreifanleg viðvörðun er litlaus upphleyptur þríhyrningur sem er settur á vörur seldar almenningi til að gera blindum og sjónskertum viðvart um hættu.

Sjá nánari lýsingu í viðauka 3.

*\* Reglugerð nr. 866/2012 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.*

Í október 2012 tók gildi ný reglugerð um merkingar efna og efnablandna (CLP reglugerð). Samkvæmt reglugerðinni skal strax merkja hrein efni samkvæmt nýju reglunum og átti að vera búið að endurmerkja efni sem fyrir eru á markaði 1. desember 2012. Efnablöndur skal merkja samkvæmt nýju reglunum frá og með 1. júní 2015. Nú þegar er heimilt að merkja efnablöndur samkvæmt CLP reglugerð og skal þá ekki merkja samkvæmt reglugerð nr. 236/1990. Merkingar samkvæmt CLP reglugerðinni eru smátt og smátt að ryðja sér til rúms.

Nýmæli reglugerðarinnar snúa að ábyrgð með flokkun efna og efnablandna sem færast í auknum mæli í hendur atvinnulífsins og að framleiðendur og innflytjendur tilkynni flokkun efna til Efnastofnunar Evrópu.

Reglugerðin tók gildi eftir að könnuninni lauk og var ekki hluti af könnuninni.

*\* Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).*

Með reglugerðinni er komið á almennri skráningarskyldu efna sem framleidd eru eða flutt inn á EES í meira magni en sem nemur 1 tonni á ári. Reglugerðin felur einnig í sér skilyrði um mat á efnunum og skráningargögnum, efni sem aðeins er leyft að nota að fengnu markaðsleyfi eða efni sem háð eru takmörkunum á markaðssetningu.

*\* Reglugerð nr. 50/1984 um notkun eitrefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.*

Reglugerðin kveður á um skráningarskyldu allra plöntuvarnarefna auk útrýmingarefna auk ákvæða um leyfisveitingar fyrir sölu og notkun efnanna.

### Viðauki 3. Lýsing verkefnis og gátlisti.

## Eftirlitsverkefni 2012

efnavörur í matvöruverslunum og stórmörkuðum

Eftirlitsverkefni efnavöruhóps fyrir næsta starfsár verður könnun á merkingum efnavara í matvöruverslunum. Ætlunin er að skoða varnaðarmerkingar samkvæmt reglugerð 236/1990 og hvort áþreifanleg viðvörðun og öryggislok séu til staðar. Skrá skal hverja vöru sem er vanmerkt að einhverju leyti og gefa útskýringu. Aðeins skal gera grein fyrir vanmerktum vörum en til að fá hlutfall þeirra af heildarfjöldanum skal telja allar merkingaskýldar vörur.

Engin viðmið eru gefin um hve margar verslanir skulu skoðaðar nema að látið sé nægja að fara í eina verslun í hverri verslanakeðju (ef sama verslunin, t.d. Bónus er á fleiri en einum stað á einhverju svæði er nóg að fara í eina af þeim). Við val á verslunum skal taka mið af framboði af vörum og fjölbreyttu úrvali af vöru. Miða skal við verslanir sem bjóða að lágmarki upp á eftirtalda vöruflokka: Hreinsiefni fyrir heimili (svo sem gólf, ofn, salerni), þvottaefni (uppbvottalögur, uppbvottavélaefni, taupvottaefni), efni á úðabrusum (svo sem snyrtivörur, gervirjóni). Aðrar vörur í slíkum verslunum sem líklegar eru til að innihalda hættuleg efni: Grillkveikilögur, skordýraeitur, lampaolía, edik, stíflueyðir, klór.

Í efnavöruaftirlitshandbókinni er að finna nánari útskýringar á þeim atriðum sem hafa verður í huga í eftirlitinu. Það á sérstaklega við varðandi viðbrögð við brotum á reglugerð og eftirfylgni í kjölfar eftirlits. Á bls. 39 er að finna leiðbeiningar og þar á eftir fyrirmyndir að bréfum. Ef innflytjandi er á öðru svæði skal senda skilaboð til viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis í gegnum efnavöruaftirlitshluta vefgáttarinnar. Síðan er rétt að senda afrit af bréfum til innflytjanda eða íslensks framleiðanda sem ber ábyrgð á merkingu vörunnar.

Leiðbeiningar með gátlista:

**Vöruheiti:** Skráið bæði vöruerki og vöruheiti. Dæmi: Dupli Color Spotmarker, Jotun Husvask. Aðeins skal skrá vanmerktar efnavörur.

**Innlendur framleiðandi eða innflytjandi:** Ef varan er flutt inn erlendis frá þarf að skrá innflytjanda. Ef varan er innlend framleiðsla þarf að skrá framleiðandann.

**Íslenskar varnaðarmerkingar**

- **vanmerkt alfarið:** Íslenskar varnaðarmerkingar vantar alfarið á tiltekna vöru/vöru tegund.

- **vantar á hluta birgða:** Merkingar vantar á hluta efnavöru af tiltekinni tegund (miðað við tvær eða fleiri).

- **þarfnast lagfæringar:** Íslenskar varnaðarmerkingar eru ekki í samræmi við reglugerð. Ef hættusetningar eru réttar og varnaðarsetningar að mestu leyti í lagi er ekki endilega ástæða til að krefjast lagfæringa.

**Athugasemdir:** Stutt og hnitmiðuð lýsing á því sem þarf að laga.

*Dæmi:* Þrýstihylkjaviðvörðun vantar. Hættusetningu(ar) vantar. Röng merkjasetning (texti undir hættumerki). Einnig hægt að skrifa athugasemdir í textareit neðst og merkja í þennan reit með tilvísun.

**Öryggislok vantar:** Á vörum á almennum markaði skal vera öryggislok ef um er að ræða *ætandi* vörur (C), vörur með > 3% metanól, > 1% díklórmetan eða með hættusetninguna H65 "getur valdið lungnaskaða við inntöku".

**Áþreifanleg viðvörðun:** Á almennum markaði skal vera áþreifanleg viðvörðun ef um er að ræða vörur sem flokkast sem *ætandi* (C), *hættulegt heilsu* (Xn), *afar eldfimt* (Fx) og *mjög eldfimt* (F). Úðabrúsar sem eingöngu flokkast *afar eldfimt* (Fx) eða *mjög eldfimt* (F) eru undanþegnir merkingum með áþreifanlegri viðvörðun.

**Eitur/bannvara:** Eiturefnavörur framleiddar á EES-svæðinu eiga að bera hauskipunmerkið (eitur/sterkt eitur). Hins vegar er oft flóknara að ákvarða hvort um raunveruleg eiturefni er að ræða í þeim tilfellum sem vörurnar eru framleiddar utan EES. Þannig er ekki víst að hauskipunmerkt vara, upprunnin utan EES, flokkist sem eitur skv. okkar merkingarreglum og öfugt. Hér þarf því gjarnan að kanna innihaldsefni vörurnar og athuga hvort það falli í flokkana *eitur* eða *bannað efni* samkvæmt reglugerð.

Bannefni eru efnavörur sem bönnuð hafa verið alfarið eða að takmörkuðu leyti. Erfitt getur reynst að bera kennsl á þessar vörur og eru t.d. vörur sem innihalda krabbameinsvaldandi efni, efni sem valda stökkbreytingum eða efni sem eru skaðleg æxlun.

Ef grunur leikur á um að efni geti verið bannað er mælt með að fá staðfestingu frá Umhverfisstofnun.

Ath. Taka þarf eiturefnavöru/bannvöru úr sölu á staðnum sé hún í almennri sölu.

Fáein atriði sem vert er að hafa í huga:

\*Dæmi eru um viðvaranir á umbúðum sem eru ekki skyldubundnar og þá sérstaklega á erlendum málum. Dæmi um það eru setningar eins og: *keep out of the reach of children* eða *do not inhale*. Vera má að þessar vörur þurfi ekki varnaðarmerkingar og séu merktar að frumkvæði framleiðanda. Heilbrigðisfulltrúi gæti þurft að meta hvort svo sé.

\*Efnavörur koma í auknum mæli merktar á íslensku frá erlendum framleiðendum. Þessar merkingar geta verið lítt áberandi innan um merkingar á erlendum málum. Nokkuð er um merkingar á flettimiðum sem leyfilegt er að nota og falla undir ákvæði um fylgiseðla. Svona merkingar eru í lagi á meðan að þær eru réttar.


\*Álímduð merkimiði á það til að hylja aðrar skyldubundnar merkingar og þarfnast hún þá lagfæringar.








\*Einstaka vörur geta verið komnar með CLP merkingar. Ekki er ætlast til þess að lagt sé mat á hvort þær séu réttar á meðan þær eru á íslensku. Vörur með erlendar CLP merkingar teljast vera vanmerktar.

\*Hægt er að leita til Umhverfisstofnunar ef upp koma vafamál.

Yfirlit yfir varnaðarmerki á efnum og efnavörum.

Varnaðarmerkin eru 10 talsins og í sumum tilfellum er gerð krafa um fleiri en eitt merki á tiltekinni efnavöru eða vörutegund.

 <p>EITUR</p>	<p>Eitur(T) og Sterkt eitur(Tx): Þessi efni eru ekki leyfð í almennri sölu. Sérstök leyfi þarf til að selja, kaupa og nota eiturefni.</p>
--	---

 <p>HÆTTULEGT HEILSU</p>	<p>Hættulegt heilsu(Xn): Efni sem geta haft heilsuspillandi áhrif við langvarandi notkun eða í eitt skipti í miklum styrk. Hættusetningar útskýra nánar í hverju hættan felst. Í þessum flokki eru ýmis rokgjörn leysiefni sem finnast gjarnan í olíuvörum. Sem dæmi má nefna terpentína og grillkveikilögur.</p>
 <p>ÆTANDI</p>	<p>Ætandi(C): Efni sem valda alvarlegum skaða við beina snertingu. Sem dæmi má nefna ýmis sterk hreinsiefni, uppþvottavélaefni og stíflueyða, til dæmis vítissóða.</p>
 <p>ERTANDI</p>	<p>Ertandi(Xi): Efni sem geta valdið ertingu, roða og sviða í húð, augum eða öndunarfarum, einkum við langvarandi eða endurtekna notkun. Mörg þvotta- og hreinsiefni eru í þessum flokki svo og borðedik.</p>
 <p>MJÖG ELDFIMT</p>	<p>Eldfim: Eldfimur efnum er skipt í þrjá flokka eftir því hversu eldfim þau eru; afar eldfim(Fx), mjög eldfim(F) og eldfim. Efni sem falla í síðasta flokkinn (eldfim) fá ekki varnaðarmerki en eru merkt með orðinu ELDFIMT. Í þessa flokka falla t.d. mörg olíuefni og úðabrusar sem innihalda eldfimt drifgas.</p>
 <p>SPRENGIFIMT</p>	<p>Sprengifim(E): Efni sem eru varhugaverð vegna sprengihættu.</p>
 <p>ELDNÆRANDI</p>	<p>Eldnærandi(O): Efni sem verða sprengifim eða eldfim í blöndu með brennanlegum efnum.</p>
 <p>HÆTTULEGT UMHVERFINU</p>	<p>Umhverfisskaðlegt(N): Ýmis þrávirk efni sem safnast fyrir í lífríkinu, efni sem eru eitruð lífverum og efni sem eyða ósonlaginu. Þessum efnum ber að farga sem spilliefnum.</p>

### Merkingar.

Til að tryggja öryggi almennings ber að merkja hættulegar efnavörur á íslensku.

Merkingarnar upplýsa um þá hættu sem af efnunum stafar, þær eru leiðbeinandi um



notkun og geymslu og gefa einnig upplýsingar um hvað gera skuli ef slys ber að höndum. Ávallt skal merkja hættulegar vörur með varnaðarsetningunni „Geymist þar sem börn ná ekki til“. Þær upplýsingar sem fram þurfa að koma á umbúðum eru:

- Nafn, heimilisfang og sími framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila á evrópska efnahagssvæðinu
- Magn vöru
- Varnaðarmerki

Eftirfarandi þarf að vera á íslensku:

- Nafn hættulegra efna sem varan inniheldur; gildir þó ekki um allar efnavörur sjá 13. gr. reglugerðarinnar.
- Merkjasetning – Texti undir varnaðarmerki. Vísar til hættunnar sem af efninu getur stafað.
- Hættusetningar – Útskýra nánar í hverju hættan felst.
- Varnaðarsetningar – Gefa leiðbeiningar um meðhöndlun, varúðarráðstafanir og viðbrögð við óhöppum.
- Sérstakar merkingar fyrir tiltekna vörur, sbr. fylgiskjal 6.

#### Öryggislok.

Öryggislok eru ætluð á vörur sem eru seldar almenningi og eiga að gera börnum erfiðara um vik að komast í hættuleg efni. Einnig þurfa eiturefni öryggislok. Oft eru umbúðir hannaðar með sérstök öryggislok sem eru eingöngu opnanlegar með ákveðnu átaki. Margar umbúðir eru þannig gerðar að það þarf sérstakt áhald til að opna þær og teljast þær þá barnaöruggar. Þetta á við um hina dæmigerðu blikkmálningardós. Öryggislok skulu vera á vörum sem flokkast undir sterkt eitur (Tx), eitur (T), ætandi (C), og líka á vörum með > 3% metanól, > 1% díklórmetan eða með hættusetningu H65, getur valdið lungnaskaða við inntöku.

#### Áþreifanleg viðvörðun.

Áþreifanleg viðvörðun er litlaus upphleyptur þríhyrningur sem er settur á vörur seldar almenningi til að gera blindum og sjónskertum viðvart um hættu. Einnig þurfa eiturefni áþreifanlega viðvörðun. Viðvörðunin er gegnsær upphleyptur þríhyrningur, gjarnan límdur neðarlega á umbúðir eða greyptur í þær. Viðvörðunin skal vera á vörum sem flokkast undir sterkt eitur (Tx), eitur (T), ætandi (C), hættulegt heilsu (Xn), afar eldfimt (Fx) og mjög eldfimt (F). Úðabrúsar sem eingöngu eru merktir afar eldfimt (Fx) eða mjög eldfimt (F) eru undanþegnir merkingum með áþreifanlegri viðvörðun.

#### Hvað er vanmerkt vara?

Augljósasta vísbendingin um vanmerкта vöru er þegar vara er merkt með varnaðarmerki eða hættusetningu en merkingarnar eru á erlendu máli. Sumar efnavörur þurfa sérmerkingar skv. reglugerð nr. 236/1990, t.d. úðabrúsar (þrýstihylki) og lím sem inniheldur sýanóakrylöt. Þörf getur verið á slíkri merkingu jafnvel þó ekki sé gerð krafa um varnaðarmerki. Í sumum löndum gilda ekki sömu reglur og hérlendis. Íslenskar merkingarreglur eru í samræmi við evrópureglur en t.d. bandarískar merkingar eru frábrugðnar þeim evrópsku. Yfirleitt er ekki hægt að ganga úr skugga um að merkingin sé rétt eða röng út frá þeim upplýsingum sem gefnar eru á umbúðum. Til þess þarf nánari upplýsingar um innihaldsefni og magn þeirra, blossamark og fleira. Hægt er að krefja





framleiðanda / innflytjanda um slíkar upplýsingar í öryggisblöðum (MSDS: Material Safety Data Sheet).

Dæmi um vanmerkta vöru:

- Vörur sem eru eingöngu með varnaðarmerkingum á erlendu máli.
- Vörur, einkum frá löndum utan EB, sem eru með viðvörnum á borð við FLAMMABLE, TOXIC, HARMFUL, FATAL. Einnig er það oft vísbending að vara frá löndum utan EB sé merkingarskyld samkvæmt reglugerðinni ef innihaldsefni eru talin upp á umbúðunum. Athugið að í USA og Kanada eru merkingarkerfin öðruvísi uppbyggð og vara sem merkt er þar þarf ekki að vera merkingarskyld hér og öfugt.
- Hættu-, varnaðar- eða merkjasetningar eru rangar eða ekki fyrir hendi.
- Athugið að almennar viðvaranir á borð við: „Keep out of the reach of children” eru einar og sér ekki sönnun þess að varan sé merkingarskyld.



Könnun á merkingum efnavara í matvöruverslunum og stórmörkuðum



